



## Gæðastefna umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur það að leiðarljósi að styrkja Reykjavík í átt að sjálfbærni og gera hana vistvæna, heilnæma, hreina, fallega og örugga. Stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu um umhverfis- og skipulagsmál, ásamt því að efla þjónustu og samráð við borgarbúa og aðra viðskiptavinum sviðsins.

Umhverfis- og skipulagssvið ætlar að stuðla að gæðum í starfsemi sviðsins með áherslu á eftirfarandi stefnumið:

1. Reka vottað gæðastjórnunarkerfi fyrir starfsemi sviðsins í samræmi við ISO 9001 staðalinn.
2. Veita viðskiptavinum sínum skjóta og skilvirka þjónustu, ráðgjöf og upplýsingagjöf varðandi mál er varða starfsemi sviðsins.
3. Sviðið uppfyllir kröfur sem lög, reglugerðir og samþykktir Reykjavíkurborgar gera til starfsemi þess hverju sinni.
4. Rekjanleiki og gagnsæi verkefna sviðsins eru ávallt tryggð.
5. Umhverfis- og skipulagssvið leggur metnað sinn í að hafa ávallt á að skipa þjálfuðu, hæfu og ánægðu starfsfólki og leggur áherslu á að dreifa ábyrgð til allra starfsmanna.
6. Mæla árangur gæðastefnunnar og vinna markvisst að umbótum.

Reykjavík, 7. mars 2017

  
Ólöf Örvarsdóttir  
Sviðsstýra umhverfis- og skipulagssviðs